

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa

Aðsetur: Neytendastofa

Borgartúni 21, 105 Reykjavík.

Móttekið:

BEIÐNI UM ÁLITSGERÐ **KÆRUNEFNDAR LAUSAFJÁR- OG ÞJÓNUSTUKAUPA**

Eyðublaði þessu er ætlað að auðvelda almenningi að koma erindi á framfæri við nefndina og tryggja að nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir þegar í upphafi. Það er ekki skilyrði fyrir meðferð nefndarinnar að eyðublaðið sé notað. Um störf og starfshætti nefndarinnar gilda ákvæði í reglugerð nr. 766/2006.

Leiðbeiningar **um útfyllingu eyðublaðsins**

- Tilgreina verður gagnaðila, enda á hann lögvarinn rétt til að tjá sig um mál.
- Gera verður skýra kröfu um tiltekna niðurstöðu varðandi hvert ágreiningsatriði. Kærunefnd veitir ekki umsagnir um fræðilegar spurningar, heldur tekur afstöðu til krafna aðila.
- Með álitsbeiðni verða að fylgja þau gögn sem varpað geta ljósi á mál.

Upplýsingar um álitsbeiðanda

Fullt nafn	Kennitala	
Heimilisfang		
Póstnúmer	Sveitarfélag	
Heimasími	Vinnusími	Farsími

Upplýsingar um gagnaðila

Nafn, heimilisfang og sími þess aðila sem ágreiningur er við.

Upplýsingar um keypta vöru/hlut eða þjónustu

Ágreiningsefni

Gera skal skilmerkilega grein fyrir ágreiningi aðila:

Kröfur og rökstuðningur

Upptalning á kröfum álitsbeiðanda og rökstuðningur fyrir þeim:

Listi yfir meðfylgjandi gögn:

Upptalning á meðfylgjandi gögnum, t.d. kaupsamningi eða samningi um viðgerð/viðhald/þjónustu eða önnur gögn sem tengjast ágreiningsefninu.

Staður og dagsetning

Undirskrift álitsbeiðanda

Upplýsingar um kærunefnd lausafjár-, þjónustu- og neytendakaupa

- Hlutverk kærunefndar er að fjalla um hvers konar ágreining milli aðila lausafjár-, þjónustu- og neytendakaupa sem varðar réttindi þeirra og skyldur samkvæmt lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup, lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup og lögum nr. 48/2003 um neytendakaup. Um nefndina er fjallað í lögum nr. 87/2006 og reglugerð nr. 766/2006, 28. ágúst 2006.
- Nefndin er skipuð af viðskiptaráðherra. Nefndarmenn eru þrír. Einn nefndarmaður er skipaður eftir tilnefningu frá Neytendasamtökum, annar eftir tilnefningu frá Samtökum atvinnulífsins og þann þriðja skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður. Hann skal fullnægja skilyrðum til að vera dómari.
- Kostnaður við störf kærunefndar greiðist úr ríkissjóði og er málsmeðferðin því aðilum málsins að kostnaðarlausu. Kostnað við eigin gagnaöflun greiða málsaðilar.
- Álit nefndarinnar eru skrifleg og rökstudd og skulu að jafnaði veitt innan átta vikna frá því að nefndin tók mál til efnislegrar umfjöllunar.
- Aðilum lausafjár-, þjónustu- og neytendakaupa, einum eða fleiri, er heimilt en ekki skylt að leita til nefndarinnar með ágreiningsefni sín.
- Niðurstöðu nefndarinnar verður ekki skotið til annars stjórnvalds en málsaðilar geta ávallt á hvaða stigi máls sem er ákveðið að leggja mál sitt fyrir dómstóla.
- Álit kærunefndar eru gefin út í ársskýrslu nefndarinnar og einnig birt jafnóðum á Netinu (www.neytendastofa.is). Nöfn einstaklinga og heimilisföng koma ekki fram við opinbera birtingu.